

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 9. október 1968 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

40. gr. B. orðist þannig:

Stúdentar skulu velja sér grein til sérnáms í samráði við kennara og semja ritgerð úr því efni. Í stað sérefnisritgerðar má stunda nám í uppeldisfræðum, þjóðfélagsvísindum, kirkjutónfræðum eða aukið nám í þætti í kennimannlegri guðfræði, kirkjurétti, grísku eða hebresku, sem guðfræðideild metur gilt hverju sinni.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. október 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 78.

5. nóvember 1968.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands hefur í dag, samkvæmt tillögu menntamálaráðherra, staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

2. tl. 51. gr. orðist svo:

Almenn málvísindi og hljóðfræði til forprófs.

II. liður 52. gr. orðist svo:

Próf í almennum málvísindum og hljóðfræði. Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspekideild, er undir próf ganga í tungumálum, einu eða fleiri. Stúdent er skylt að hafa lokið prófinu, áður en hann lýkur 1. stigs prófi í tungumáli, samkv. 53. gr. I.

Prófið er aðeins skriflegt. Nú hefur stúdent sagt sig til prófs, en stengt ekki prófið eða kemur ekki til prófs og hefur lögmæt forföll, og er þá skylt að halda endurpróf í lok vormisseris.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði hennar einnig til þeirra stúdenta, sem þegar hafa innritast og eiga ólokið umræddum prófum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er stúdent að ganga undir 1. stigs próf í tungumáli í janúar 1969 án þess að hafa lokið forprófi í almennum málvísindum og hljóðfræði, enda gildir prófið ekki, nema hann standist forprófið fyrir lok vormisseris.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.